

Nd.

162. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á vegargerð milli Ólafsvíkur og Hellissands í Snæfellsnessýslu.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram þegar á þessu sumri nákvæma rannsókn á vegarstæði milli Ólafsvíkur og Hellissands í Snæfellsnessýslu og gera um það kostnaðaráætlun. Skulu einkum athugaðir þeir þrír möguleikar, er helzt koma til greina: Vegur um Ennisdal, steinsteyptur vegur undir Ólafsvíkur-Enni og vegur framan í Ólafsvíkur-Enni.

Greinargerð.

Kauptúnið Hellissandur á Snæfellsnesi hefur ekkert akfært vegasamband við nágrennasveitir og kauptún. Þótt skammt sé milli Hellissands og Ólafsvíkur, er ófært bílum og vögnum þar á milli, og veldur því slæmur farartálmí undir Ólafsvíkur-Enni. Íbúar beggja kauptúnanna hafa vitaskuld mikinn áhuga fyrir og þörf á að fá úr þessu bætt. Koma í því efni, að kunnugra manna dómi, einkum til greina þær þrjár leiðir, sem getið er í tillögu þessari: Í fyrsta lagi vegur um Ennisdal, í öðru lagi steypdur vegur undir Enni, og í þriðja lagi vegur framan í Enninu. En nákvæm rannsókn á möguleikum og kostnaði við hverja af þessum þrem leiðum hefur ekki enn þá farið fram, og er sá tilgangur tillögunnar, að slík rannsókn verði framkvæmd á þessu sumri, til þess að fá úr því skorið, hvert stefna skuli um þessi mál. Hafa hreppsnefndir beggja kauptúnanna hvað eftir annað samþykkt áskoranir um, að fram fari rannsókn í þessu efni.

Sumum kynni að þykja það sjálfsagt að flytja nú þegar tillögu um rifleg fjárframlög úr ríkissjóði til þessa vegasambands. Á þessu þingi hafa að visu verið fluttar allmargar þingsályktunartillögur um fjárveitingar til vega, brúa o. fl., ekki sízt í Snæfellsnessýslu. En það er öllum vitanlegt, að slíkar tillögur geta ekki náð framgangi á þessu þingi, sem ekki er fjárlagaþing, en á fjárlagaþingi eiga slíkar útgjaldatillögur heima. Það væri því aðeins til að sýnast, ef ég flytti tillögu um fjárveitingu til vegar milli Ólafsvíkur og Hellissands nú á þessu þingi, sem ekki hefur fjárlög til meðferðar. Þess vegna fer ég nú fram á ýtarlega rannsókn á máli þessu, í því trausti, að sú rannsókn verði framkvæmd þegar á þessu sumri eða hausti, og þannig fái stund grundvöllur undir tillögur um fjárframlög til þessa nauðsynjamáls á haustþinginu, þegar fjárlög koma til meðferðar.